NÁMSGREIN: ENSKA
KENNSLUYFIRLIT - 10. BEKKUR

Kennsluhættir: Innlögn frá kennara, ritun, frásagnir, hlustunaræfingar, samtalsæfingar, samvinna, lestur og vinna í námsbókum, leikir.

Námsþættir: Lesskilningur, orðaforði, ritun, samræður, frásagnir, gagnvirkar æfingar, málfræði og stafsetning.

Námsmat: Leiðsagnarmat og próf.

Námsgögn: Spotlight 10 lesbók og vinnubók, hlustunaræfingar sem fylgja Spotlight, kennsluvefir.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Kennt í lotum	Lesskilningur	Lesið í og hlustað á Spotlight 10 og unnið í vinnubók.	Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu, Lesið sér til fróðleiks rauntexta af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt. Lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.	Leiðsagnarmat Próf	Orðflokkar (parts of speech), s.s. nouns (regular plural/irregular plural), (proper/common) verbs (present simple, present continuous, past simple, past continuous, -ing ending, helping verbs), adjectives (positive/comparative/superlative) definite / indefinite articles, pronouns (possessive / demonstrative), question words, apostrophe.
	Ritun	Val umfjöllunarefnis í ritun er tengd textum eða málfræðiþáttum í Spotlight 10. Einnig eru ýmsar kveikjur svo sem á myndum, orðalistum eða myndböndum. Stundum frjáls ritun.	Skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. Sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi. Skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.	Leiðsagnarmat Próf	Orð sem tengjast ritun, s.s. connectives, paragraphs, punctuation, context, dialogue, draft, essay, fiction, non-fiction, genre, short story, plagiarism, plot, content.
	Frásögn og samskipti	Samræður við aðra nemendur og kennara. Æfingar uppi við púlt. Fyrirfram ákveðið umræðuefni eða frjálst val (open mic).	Tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum. Beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi. Flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum.	Leiðsagnarmat	Orðaforði í Spotlight 10, lesbók. Orðaforði í völdum yndislestrarbókum.
	Hlustun		Fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt. Hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.	Próf	
	Menningarlæsi		Sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins.	Leiðsagnarmat	